

Miðvikudaginn 27. júní 1990.

Nr. 3/1990.

**Alþýðusamband Íslands f.h.
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkalýðsfélagsins Vöku**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

**bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar
f.h. kaupstaðarins**

(Árni Pálsson hdl.).

Trúnaðarmaður. Uppsögn. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 25. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 16. mars 1990.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Vöku, Siglufirði.

Stefndi er bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f.h. kaupstaðarins.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að stefndi hafi gerst brotlegur við 11. gr. laga nr. 80/1938 með því að segja upp störfum trúnaðarmanni félagsins í áhaldahúsi stefnda, Jóni Valgeirssyni, hinn 30. mars 1989.

2. Að stefnda verði dæmd refsing fyrir brot á nefndu lagaákvæði.

3. Að stefndi greiði málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður Verkalýðsfélagsins Vöku í áhaldahúsi stefnda í 6 ár fyrir uppsögn úr starfi, tilnefndur af starfsmönnum áhaldahússins. Því hafi aldrei verið mótmælt af hálfu stefnda, að Jón hafi gegnt þessu trúnaðarstarfi, og enda hafi hann verið á launum hjá kaupstaðnum í janúar 1989, meðan hann sat trúnaðarmannanámskeið á vegum Verkalýðsfélagsins Vöku. Hann hafi einnig undirritað

kjarasamning aðila 31. maí 1989 sem trúnaðarmaður félagsins. Auk þessa hafi stefndi í bréfi, dags. 11. apríl 1985, viðurkennt, að hann hafi þá verið trúnaðarmaður og dregið til baka uppsögn sína úr starfi í áhaldahúsi bæjarins.

Þann 30. mars 1989 hafi Jóni ásamt tveimur öðrum félagsmönnum Vöku verið sagt upp störfum með þeim rökum, að samdráttur væri orðinn, og hafi honum verið gert að láta af störfum 3 mánuðum síðar að teknu tilliti til uppsagnarfrests. Undanfarin ár hafi starfað að staðaldri 6-8 félagsmenn Vöku í áhaldahúsinu.

Fljótlega eftir uppsögnina hafi annar hinna mannanna verið endurráðinn, og aðrir starfsmann hafi og verið ráðnir í áhaldahúsið, og virtist því vera næg atvinna fyrir það starfslíð. Þrátt fyrir mót-mæli stefnanda hafi trúnaðarmaðurinn hins vegar ekki verið endurráðinn.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að skv. 11. gr. laga nr. 80/1938 sé atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn hátt gjalda þess, að þeir gegna þeim störfum, og ef atvinnurekandi þurfi að fækka við sig verkefnum, skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

Jón Valgeirsson hafi verið tilnefndur trúnaðarmaður 1984 og hafi verið trúnaðarmaður í áhaldahúsinu síðan. Kjör Jóns hafi ekki verið tilkynnt skriflega til stefnda, enda hafi slíkt ekki tíðkast á Siglufirði. Jón hafi verið tilnefndur skv. 12. gr. kjarasamnings Vöku og Vinnuveitendafélags Siglufjarðar og gr. 13.1. í aðalsamningi Verkamannasambandsins, þar sem séu ýtarleg ákvæði um trúnaðarmenn og skyldur þeirra og réttindi. Samþykki atvinnurekanda skv. 9. gr. laga nr. 80/1938 sé ekki lengur skilyrði, enda hafi það eingöngu beinst að samþykki atvinnurekanda á öðrum af tveimur tilnefndum.

Ekki sé fram komið í málinu, að Jón Valgeirsson hafi gerst brotlegur í starfi að einu eða neinu leyti. Ástæða uppsagnarinnar sé eingöngu samdráttur, og þar með sé brotin sú lögbundna vernd sem trúnaðarmenn njóti samkvæmt 11. gr. vinnulöggjafarinnar.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að Jón Valgeirsson hafi alls ekki verið trúnaðarmaður í áhaldahúsi stefnda, eins og það

hugtak sé skilgreint í lögum nr. 80/1938, sbr. 9. gr., og samkvæmt kjarasamningum. Jón hafi því ekki undirritað samninginn 31. maí 1989 sem trúnaðarmaður félagsins, heldur sem stjórnarmaður í félaginu, enda beri samningurinn ekki annað með sér.

Stefnda hafi aldrei verið tilkynnt um, að Jón hafi verið kosinn trúnaðarmaður í áhaldahúsi, svo sem gert sé ráð fyrir í gr. 13.1. í kjarasamningi aðila, og engin gögn séu um, að Jón hafi verið kosinn eða tilnefndur af stefnanda. 9. gr. laga nr. 80/1938 geri ráð fyrir, að tilnefning trúnaðarmanns sé bókuð og liggi fyrir skjalfest, og sé það vegna þess, að atvinnurekandi þurfi að vita með vissu, hver sé trúnaðarmaður, vegna hlutverks hans og skyldna.

Stefndi bendir á, að jafnvel þótt Jón hafi verið trúnaðarmaður árið 1985, sem dregið sé í efa, þá verði að endurnýja tilnefninguna á 2 ára fresti skv. ákvæðum samningsins, og stefnda hafi ekki verið kunnugt um, að Jón væri trúnaðarmaður, þegar honum var sagt upp starfi 30. mars 1989.

Stefndi vísar til dóma, sem kveðnir hafi verið upp í Danmörku um svipuð tilvik, og þar hafi verið sagt, að tilkynning trúnaðarmanns til vinnuveitanda sé algjört skilyrði. Hann vísar til dóms Félagsdóms 22. desember 1955, þar sem dæmt hafi verið, að ekki hafi verið rétt staðið að tilnefningu trúnaðarmanns, og hafi hann því ekki öðlast lagavernd gegn uppsögn í starfi.

Verði litið svo á, að Jón Valgeirsson hafi þrátt fyrir þetta verið trúnaðarmaður, þegar honum var sagt upp, sé því haldið fram, að uppsögnin hafi verið lögmæt. Verkefni í áhaldahúsi hafi dregist saman, og tveimur öðrum hafi verið sagt upp og þeim sagt upp, sem skemmstan starfsaldur höfðu. Annar þeirra, er sagt hafi verið upp með Jóni, hafi verið endurráðinn til að gegna sérstökum verkefnum.

III.

Samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga aðila um trúnaðarmenn verða þeir annaðhvort kosnir af verkamönnum og tilnefndir af viðkomandi verkalýðsfélagi eða eingöngu tilnefndir af viðkomandi verkalýðsfélagi, hafi kosningu eigi verið við komið.

Verkalýðsfélagið Vaka hefur sönnunarbyrði um, að Jón Valgeirsson hafi verið tilnefndur sem trúnaðarmaður í áhaldahúsi stefnda. Telja verður, að sú sönnun geti farið eftir almennum reglum, og að skrifleg tilkynning sé æskileg, en ekki nauðsynleg. Samkvæmt

ákvæðum 13.1.1. og 12.1.1. í samningum aðila verða trúnaðarmenn eigi kosnir eða tilnefndir til lengri tíma en tveggja ára í senn.

Ekki verður talið gegn andmælum stefnda, að stefnandi hafi nægilega sannað, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður í áhaldahúsi stefnda, þegar honum var sagt upp störfum með bréfi stefnda, dags. 30. mars 1989. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarstjórn Siglufjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Vöku, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Jóns Þorsteinssonar.

Gegn andmælum stefnda verður Verkalýðsfélagið Vaka að sanna það, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður félagsins í áhaldahúsi Siglufjarðarkaupstaðar, þegar honum var sagt upp störfum hinn 30. mars 1989.

Eftirfarandi staðreyndir í málinu lúta að þessu efni:

1. Verkalýðsfélagið Vaka heldur því eindregið fram, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður félagsins á vinnustaðnum í um það bil sex ár, þegar framangreind uppsögn átti sér stað.
2. Jóni Valgeirssyni var sagt upp störfum á árinu 1985, en sú uppsögn dregin til baka af Siglufjarðarkaupstað sökum trúnaðarmannsstöðu Jóns.
3. Í janúarmánuði 1989 sótti Jón Valgeirsson námskeið trúnaðarmanna, en hélt dagvinnulaunum sínum á meðan, og er það í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Engin skýring hefur komið fram af hálfu Siglufjarðarkaupstaðar á því, hvers vegna Jón Valgeirsson fékk þessa launagreiðslu, ef hann var ekki álitinn trúnaðarmaður.
4. Í fundargerð bæjarráðs Siglufjarðarkaupstaðar frá 13. apríl 1989, þar sem fjallað er um uppsögnina, er hvergi að því vikið, að Jón Valgeirsson sé eigi viðurkenndur sem trúnaðarmaður.

5. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendir til, að tilnefningartími Jóns Valgeirssonar sem trúnaðarmanns hafi verið útrunninn, þegar uppsögnin átti sér stað.

Þegar framangreindar staðreyndir eru virtar og jafnframt hugleitt, að það er með ólíkindum, að enginn trúnaðarmaður hafi starfað árum saman á jafnþekktum og varanlegum vinnustað og áhaldahúsi kaupstaðarins, þá tel ég nægjanlega sannað, að Jón Valgeirsson hafi verið trúnaðarmaður á vinnustaðnum, þegar honum var sagt upp störfum.

Með uppsögninni var grundvallarreglan í niðurlagi 11. gr. laga nr. 80/1938 sniðgengin, og er uppsögnin því ólögmæt, en eigi eru efni til þess að beita refsíákvæðum. Þá tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 10. júlí 1990.

Nr. 1/1990.

**Bandalaga háskólamentaðra ríkisstarfsmanna
(BHMR) f.h. Félags háskólakennara,
Félags viðskipta- og hagfræðinga,
Félags íslenskra náttúrufræðinga,
Læknafélags Íslands,
Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu,
Dýralæknafélags Íslands og
Stéttarfélags verkfræðinga**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Frávísun að hluta. Verkfallsheimild.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Ragnar Halldór Hall og Þorsteinn A. Jónsson.